

Þorgerður J. Einarsdóttir

*Femínismarnir og samtíminn, erum við öll á sömu leið?*

Erindi á Afmælishátíð í tilefni af 40 ára afmæli Kvennaframboðs

13. mars 2022

Þetta er stór spurning sem krefst þess að hafa margt í sjónmáli í senn, smáatriðin og heildarmyndina og alls konar sjónarhorn. Svo er spurning hvar við byrjum. Ég ætla að byrja á að rifja örstutt upp baráttumálin á upphafsárum Kvennaframboðs. Lausleg skoðun á fyrstu eintökum Veru sýna að baráttumálin eru enn á dagskrá, þarna er allt frá skipulagsmálum, umferðarmálum, húsnæðismálum, kjaramálum, velferðarmálum til friðarmála og menningarmála. Að ógleymdum kynfrelismálum, kynferðisofbeldi (þ.m.t. gegn börnum), nauðgunum, fóstureyðingum (og atlögur að lögunum), heimilisofbeldi, staðgöngumæðrum, kynfræðslu fyrir unglinga svo fátt eitt sé nefnt.

Sjónarhornið var kvennamening, reynsluheimur kvenna og þriðja víddin. Ef þetta er skoðað út frá þrískiptingunni í borgaralegan, sósíalískan og róttækan femínisma þá myndi þetta teljast til hins síðastnefnda. Róttækur femínismi leggur áherslu á undirokun á grundvelli kyns sem hefur viðgengist í öllum þekktum stjórnkerfum. Frjálslyndur femínismi berst fyrir kynjajafnrétti á forsendum kerfisins (ýkt dæmi: er það jafnrétti ef jafn margar konur og karlar væru einræðisherrar? Eða: væri það jafnrétti ef svart fólk hefði fengið að halda þræla?). Og loks taldi sósíalískur femínismi að kapítalisminn væri ábyrgur fyrir kynjamisrétti (sem stóðst ekki skoðun). Þessir hugmyndastraumar lifa áfram í dag við hlið fjölmargra annarra sem teygja sig inn í flesta kima samfélagsins. Sterkasta áherslan í dag er að femínismi nái til allra hópa og lykilorðið í femínískum fræðum er samtvinnun mismunarbreyta.

En hér á eftir langar mig að skoða með umræðuna um kynverund sem hefur verið tekin upp á nýtt stig á síðustu árum. Ég ætla að rýna í hugtakið sjálfsákvörðunarréttur, hvaða skilningur hefur verið lagður í það og hvernig sýn okkar er að einhverju leyti af nýfrjálshyggjuskotin enda nýfrjálshyggja einn af ráðandi hugmyndastráum samtímans.

Einn mikilvægasti þátturinn í frelsisbaráttu kvenna hefur verið rétturinn til að skilgreina sig sjálfar, að eignast hlutdeild í hugtakinu einstaklingur sem hefur mótað alla orðræðu um lýðræði og þegnrétt á Vesturlöndum. Karlar eru „sjálfsveran“ og konur eru „hitt kynið“ sagði Simone de Beauvoir á sínum tíma,

karlar eru viðmiðið, þeir eru skynsemisverur, konur eru hinn, hnepptar í sérkenni sín, eggjastokka og leg. Þessi hugmynd er auðvitað ekki lengur ráðandi en hún mótar enn sjálfsskilning okkar. Í einni af sínum fyrstu ræðum sem utanríkisráðherra, á 19. júní 2007, hnykkti ISG á fullveldi og sjálfstæði kvenna sem hún sagði að hefði reynst torsóttara en sjálfstæði þjóðarinnar. Með því átti hún við valdið/réttinn til að taka sér rými, vera gerendur og taka ábyrgð á sjálfum sér og umhverfi sínu.

Og það hafa konur sannarlega gert. Á upphafsárum Kvannaframboðs (og fyrr!) snerist sjálfsvörðunarréttur kvenna um yfirráð yfir eigin líkama í fóstureyðingum (sem nú er kallað þungunarrof), gegn klámi, gegn ofbeldi og vændi, eins og við sáum hér að framan, og ekki síður gegn markaðsvæðingu kvenlíkamans. „Hvað halda þessar auglýsingar að þú sért?“ spurði Magdalena Schram í beittri grein í Veru í apríl 1984. (Þetta var líka boðskapur Rauðsokkanna 1. maí 1970 með líkneskinu af Venus sem á stóð „Manneskja ekki markaðsvara“).

Síðustu ár höfum við séð þessa umræðu lifna við á ný. Druslugangan sem byrjaði 2011 miðar að því að færa ábyrgð á kynferðisglæpum frá þolendum yfir á gerendur, og með brjóstabyltingunni 2015 gerðu ungar konur uppreisn gegn því að líkami þeirra væri notaður gegn þeim. Brjóstabyltingin var reyndar notuð gegn þeim 2019 þegar starfskonur í Seðlabankanum kvörtuðu yfir að konur þyrftu að þurfa að bera upp erindi sín við karlkyns yfirmenn með málverk af berum konum fyrir framan sig. (Hér að neðan eru myndir af ungum konum að taka sér rými fyrir framan Alþingishúsið, mynd af stjórnendagangi Seðlabankans og mynd eftir Gunnlaug Blöndal sem hékk yfir skrifborði stjórnanda í Seðlabankanum).



Svo fengum við tvær bylgjur af #metoo sem frægt er orðið, og nú síðast hafa konur hrist upp í kerfinu svo um munar með nafngreindum frásögnum af ofbeldi (sbr. hlaðvarpið Eigin konur). Þarna höfum við sannarlega séð ekta og ósvikna gerendahæfni kvenna.

En ekki er allt sem sýnist. Með í kaupunum fylgir hin hliðin á einstaklingsvæðingunni. Stjórnspekingar fyrri alda spurðu um samspil samfélagsins og einstaklingsins og hverju einstaklingar ættu að ráða um líf sitt. John Stuart Mill svaraði með hinni fleygu setningu „Maður ber einungis ábyrgð gagnvart samfélaginu á þeim athöfnum sínum, sem aðra varða. Hann hefur óskorað frelsi til allra gerða, sem varða hann sjálfan einan. Hver maður hefur fullt vald yfir sjálfum sér, líkama sínum og sál“ ([1859]/2009, bls. 47) .

Þetta er ein grundvallarkennisetning nýfrjálshyggjunnar og það sem mannskilningur hennar byggist á. Nýfrjálshyggjan er ekki bara hagstjórnarstefna og pólitísk hugmyndafræði heldur líka menningarástand. Þar er einstaklingsvæðingin í öndvegi og hún er nátengd hugtökunum frelsi og valfrelsi. Og það er í því samhengi sem við verðum að skoða umræðuna um sjálfsákvörðunarrétt og yfirráð yfir eigin líkama þegar kemur að fyrirbærum eins og brjóstastækkunum, staðgöngumæðrun, kynlífsvinnu og klámframleiðslu, t.d. á Only fans. Deilt er um hvort konur kjósi af frjálsum vilja að gerast staðgöngumæður eða hvort þar sé einhver þvingun. Oftast eru það konur í fátækari ríkjum sem ganga með börn fyrir foreldra í ríkari löndum. Staðgöngumæðrun er ekki leyfileg á Íslandi, en þess má geta að um 2000-2500 staðgöngumæðruð börn fæðast árlega í Úkraínu. Það er afhjúpanði fyrir valdamisræmið að áhyggjur umheimsins snúa núna að foreldrunum sem ekki fá börnin sín vegna stríðsátakanna.

Brjóstastækkarir hafa einnig gjarnan verið réttlættar með sjálfsforræði kvenna og að þær séu valdeflandi. En það sem hugsanlega virkar valdeflandi til skemmri tíma fyrir einstaka konur getur auðveldlega veikt stöðu kvenna sem hóps þegar til lengri tíma er litið, eins og Sigríður Þorgeirsdóttir (2005) hefur bent á, með því að viðhalda ímynd sem heldur öllum konum niðri. Svipað er uppi á teningnum í kröfunni um að sjálfsákvörðunarréttur kynlífsverkafólks sé virtur. Í Onlyfans framleiðir fólk klám (oftast konur) og selur áskrifendum. Sum telja þetta háfemínískt mál: „Kjarninn í þessu er sá að þetta er fullorðið fólk, fullorðið fólk má gera það sem fullorðið fólk vill gera með samþykki sínu og annarra“ er haft eftir einum viðmælanda DV um málið (Guðrún Ósk Guðjónsdóttir 2021). Og ein Onlyfans stjarnan sagði „efnið er höfundarréttarvarið og áskriftarmódelið gerir það að verkum að minni líkur eru á því að myndirnar fari á flakk þar sem ákveðinn trúnaður ríkir á milli frameiðandans og notandans“ (Sylvía Rut Sigfúsdóttir og Frosti Logason 2021).

Frá sjónarmiði femínisma er nauðsynlegt að skoða hugmyndir um sjálfsforræði og frjálst val í tengslum við aðstæður og valkosti. Sjálfsforræði þýðir að hugsanir, ákvarðanir og athafnir séu okkar eigin og ekki skilyrtar eða orsakaðar af ytri þáttum, að manneskjan meti á meðvitaðan og gagnrýninn hátt þrýsting og viðmið sem að henni er beint. Þetta hefur aldrei verið einfalt mál. Stjórnspekingar fyrri alda óttuðust hjarðhegðun hjá fólki þrátt fyrir formlegt sjálfsforræði og síðari tíma fræðingar óttuðust að markaðsöflin ögruðu sjálfsforræðinu. Að mati bandaríska heimspekingsins Nancy Hirschmann (2006) endurspeglar hugtökin frelsi og val flókna glímu einstaklings við innri og ytri þætti. Valkostir eru ávallt skilyrtir, frelsi og val hvílir alltaf í kerfislægum aðstæðum sem gera tiltekna valkosti aðgengilegri en aðra þannig að einstaklingurinn einn og sér megi sín oft lítils gegn þeim. Á sama tíma gætir hún þess ræna konur ekki gerendahæfni. Breski félagsfræðingurinn Catherine Hakim (2007) heldur því aftur á móti fram að í dag séu tækifæri það jöfn að ákvarðanir og val fólks sé ekki skilyrt af neinum ytri þáttum heldur algjörlega frjáls. Þannig hafi konur nú *raunverulega* möguleika á að haga lífi sínu eins og þær kjósa og sjálfsforræði þeirra ekki heft af þvingandi ramma af neinu tagi. Þetta er gjarnan nefnt póst-femínismi.

Þessi umræða endurspeglar í íslensku samfélagi í dag. Síðustu mánuði hefur ákaft verið rætt um klám, kynlífsvinnu, kynfræðslu unglunga, BDSM og kyrkingar og fleira, einmitt á þessum nóttum. Deilt er um forræðishyggju, hver geti talað fyrir hvern, hvort hægt sé að skilgreina fyrir aðra hvað sé ofbeldi, hvort fólki sé treystandi til að setja sín eigin mörk, og hvenær þau mörk séu ekta og ósvikin. Litið er á konur sem sjálfráða skynsemisverur á markaðstorgi frelsisins. Segja má að hefðbundin nálgun kvennabarátukvenna sé komin í nýtt samhengi þegar konur eru sjálfar farnar að framleiða klám og hafa af því tekjur. Eða eins og ein kona sagði í heitri umræðu um BDSM á twitter: „Það er bara núll femínískt að reyna að stjórna hvað random fólk gerir með líkama sinn“.

Þessi ágreiningur hefur verið erfiður þar sem öflugum einstaklingum er teflt saman í harðsoðnum fjölmiðlaumræðum. En umræðuna verður að taka, hvað sem okkur finnst um hin ýmsu sjónarmið. Kvænnaframboðið og Kvænnafræðingurinn notuðu consensusaðferðina við að takast á við ágreining og taka ákvarðanir. Það gat verið tímafrekt og í bók sinni „Hlustaðu á þína innri rödd“ dregur Kristín Jónsdóttir í efa að vilji meirihlutans hafi alltaf orðið ofan. Það voru þær sem voru þaulsetnastar, höfðu sterkustu skoðunina og voru best máli farnar sem gjarnan fengu sitt fram. En hér gætu hugmyndir belgísku fræðikonunnar Chantal Mouffe (2000/[2004]) um ágreiningsfjölhyggju verið gagnleg viðbót. Vald er alltaf til staðar í mannlegum samskiptum segir Mouffe og markmiðið er

ekki að útrýma átökum heldur að „spekja fjandskapinn og fjarlægja kveikjuþráðinn úr mögulegum átökum“ (2004, bls. 57). Við þurfum að fara frá hugtakinu óvinur yfir í andstæðing sem hefur aðrar hugmyndir en þær sem við berjumst fyrir, en sem hefur óvæfengjanlegan rétt til að verja þær. Það þýðir ekki að málamiðlanir séu ekki mögulegar heldur er niðurstaðan tímabundin, nokkurs konar „átakasamkomulag“ þangað til ágreiningur rís á ný. Mouffe segir að viðureign um ágreining sé ekki ógn við lýðræðið heldur grundvöllur þess. Ég held að við getum yfirfært þetta yfir á hreyfingu femínista, og það væri mikil gæfa ef við femínistar á Íslandi gætum haft þetta sem okkar sameiginlega markmið.